

stefndi með tryggingarbréfi, dags. 1. maí 1951, veðsett stefnanda íbúð sína í kjallara hússins nr. 18 við Melhaga.

Loks verður ekki annað séð en stefnda hafi á árinu 1951 verið afhent umrædd íbúð. Á þeim tíma fluttist hann í íbúðina, enda þótt hann sé enn þá talinn skulda nokkuð af stofnfjárframlagi sínu, og hefur hann haft umráð íbúðarinnar síðan.

Pegar virt eru öll framangreind atriði, verður að telja ótvírætt, að stefndi hafi öðlazzt eignarrétt á umræddri kjallaraíbúð.

Í málinu kemur fram, að hinn 7. ágúst f. á. var lýst yfir því af hálfu stefnda í fógetarétti Reykjavíkur, að hann væri reiðubúinn til að greiða kröfur stefnanda, þær er réttmætar teldust samkvæmt yfirmatsgerð dómkvaddra manna. Þessu boði var ekki sinnt af hálfu stefnanda.

Pegar virtur er framangreindur greiðsludráttur stefnda svo og það, hvernig hann virðist vera til kominn, verður greiðsludrátturinn, eins og á stendur, ekki talinn eiga að valda því, að stefndi hafi glatað eignarrétti sínum að margnefndri íbúð, auk þess sem stefnandi hefur ekki boðið fram greiðslu á framlögum stefnda. Verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Lárus Hermannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Byggingarsamvinnufélags Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 11. júní 1954.

Nr. 194/1953. **Ákærvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)

gegn

Magnúsi Gíslasyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Ákærði kom fyrir dóm hinn 22. marz sl. og skýrði þá svo frá, að óþekktur maður hefði fengið sér í

hendur flíkur þær, sem í málinu greinir, og beðið sig að selja þær. Eigi er unnt að taka neitt mark á þessari skýrslu ákærða, enda benda vætti vitna og reyndir málsins til þess, að hún sé einber uppspuni. Þykir sannað, að ákærði hafi tekið flíkurnar ófrjálsri hendi, og varðar það atferli hans við 244. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af 72. gr. sömu laga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda og málskostnað má staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Gíslason, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gunnars E. Benediktssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 900,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 10. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómsara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4597/1953: Ákærvaldið gegn Magnúsi Gíslasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Magnús Gíslason verkamaður, Herskólakampi 33 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að stela að kvöldi miðvikudagsins 4. þ. m. tveimur kuldaúlpum í húsinu nr. 1 við Þórsgötu og slá eign sinni á þær. Ákæríst hann til refsingar, sviptingar réttar skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til málskostnaðargreiðslu.

Ákærður, sem fæddur er 31. júlí 1915 á Akranesi, hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1931 21/11 Áminning fyrir bjölluleysi á reiðhjólí.

- 1932 16/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaganna og 6. og 7. gr. laga nr. 51/1928, 150 kr. skaðabætur og vikið burt úr Reykjavíkurbæ um 3 ára skeið.
- 1933 7/5 Sætt, 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1935 14/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2 ára betrunarhússvinna fyrir þjófnað og ofbeldi við fangavörð.
- 1935 4/9 Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51/1928.
- 1937 í júlí Undir rannsókn fyrir grun um innbrot. Féll niður vegna sannanaskorts.
- 1937 3/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2 ára betrunarhússvinna fyrir brot á 6., 7. og 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 55. gr. og 63. gr. alm. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 18. maí 1938.
- 1938 9/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
- 1938 17/8 Kærður fyrir þjófnað á hrognkelsanetjum. Látið falla niður samkv. bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 13/2 1939.
- 1946 6/5 Dómur aukaréttar, 2 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Innbrotsþjófnaður. Staðfest í Hæstarétti 20/6 1946.
- 1933 9/6 Akureyri. Dómur aukaréttar, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 56/1928, sbr. 62. gr. hegningarlaganna.
- 1934 8/9 Kaupmannahöfn. Dómur Köbenhavns Byret fyrir brot gegn 298. gr. nr. 4 dönsku hegningarlaganna. Gæzlvarðhald hans þá látið koma í stað refsingar.
- 1950 2/11 Rvík. Dómur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarl., áfengisl. og lsp. Rvíkur.
- 1951 12/2 Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegnl.

Auk þess hefur hann á árunum 1937—1953 alls 33 sinnum undirgengizt sektargreiðslur, 25—400 kr., fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi miðvikudagsins 4. þ. m. varð Eyjólfur Eyjólfsson skósmiður, Týsgötu 5, var við ákærðan í porti bak við húsin nr. 5 og 7 við Týsgötu. Var ákærður ölvaður og hélt á kuldaúlpum tveimur og bauð þær Eyjólfli til sölu. Eyjólfur vildi losna við manninn og kvaddi til lögreglu. Er lögregluþjónarnir komu, lét ákærður úlpurnar eftir í portinu og reyndi að forða sér, en lögregluþjónarnir náðu honum. Í ljós hefur komið, að önnur úlpan var eign Guðmundar

Hjartarsonar, Hraunteigi 23, og hafði hún hangið á gangi fyrir framan fundarsal á 2. hæð hússins nr. 1 við Þórsgötu, en hin var eign Ólafs Thorlacius, Kársnesbraut 42, og hafði hún hangið í fata-geymslu við veitingastofuna Miðgarð í sama húsi. Úlpurnar komust báðar til skila.

Ákærður kveðst hafa drukkið sig ofurölva þennan dag og muni hann lítið eftir sér, en ekki vefengir hann, að hann hafi tekið úlpurnar. Hann kveðst og muna óljóst, að hann hafi komið í veitingastofuna Miðgarð.

Pykir nægilega sannað, að ákærður hafi gerzt sekur um verknað þann, er greinir í ákæru, og brotið þannig gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Pykir refsing hans með hliðsjón af fortið hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Ákærður hefur verið í gæzluvarðhaldi síðan 7. þ. m., og ber að draga gæzluvarðhaldið frá refsingu hans skv. 76. gr. hegningarlaga. Svípta ber hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Loks ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærður, Magnús Gíslason, sæti fangelsi 6 mánuði, en frá skal draga gæzluvarðhaldsvist hans í 3 daga. Hann er svíptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. júní 1954.

Nr. 84/1953. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Geirbrúði Bjarnadóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 39/1943. Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafði Jakob Árnason á leigu íbúð, tvö herbergi og eldhús, í húsi ákærðu, Bræðratungu við Holtaveg í Reykjavík, frá 1. júní 1945 til 14. maí 1951. Galt